

- d. Tengigjald vegna spennistöðvar skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi. Þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.
- e. Viðskiptamaður getur fengið skammtímatengingu við dreifikerfi rafveitunnar (7 dagar er hámark). Leggi rafveitan einnig til sérsníðaða töflu skal greiða tvöfalt gjald. Auk þessa greiðist orkugjald samkv. B2. Ef tenging fer fram utan daglegs vinnutíma skal viðskiptamaður greiða áfallinn viðbótarkostnað.
- f. Gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Ýmis ákvæði.

Á mæla skal að jafnaði lesið einu sinni eða tvisvar á ári. Rafveitunni er heimilt að áætla notkun og gefa út reikninga mánaðarlega þess á milli. Heimilt er að fela pósthjónustu útburð reikninga.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður rafveitunnar vegna almennra verðhækkanna, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingarkostnaðar. Fyrirnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. janúar 1993. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins. Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1993 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 476, 9. október 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

28. janúar 1993

Nr. 39

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akraness.

B-hluti

	Fastagjald kr/ár	Orkuverð kr/kWh
A1. Almenn notkun	2 180	6,79
B1. Heimilisnotkun	2 180	5,52
B2. Mannv. gerð og hafnarsv.	3 250	9,22
C1. Stórnotkun (Afltaxti)	24 826	2,39
Aflgjald kr/kW/ár	6 915	

D1.	Hitun án rofs	3 675	5,28
D2.	Hitun, rof 1,5 klst.	3 675	2,85
D3.	Hitun, rof 2,5 klst.	3 675	2,58
D4.	Næturhitun	3 675	1,85
D5.	Sumarhitun	3 675	1,99
D6.	Rofbreytilegt	3.675	2,35

E1.	Sérsmningar	
E2.	Gatna- og hafnarlýsing	24 050 kr/kVA/ár
E3.	Lokun og endurofnun veitu	1 040 kr
E4.	Innheimtugjald	500 kr
E5.	Álestrargjald	500 kr

Leigugjöld

10	Einfasa mælir	388 kr/ár
11	Einfasa mælir með liða	1.999 kr/ár
20	Prífasa mælir	1 511 kr/ár
21	Prífasa mælir með liða	2 963 kr/ár
24	Prífasa mælir með str.sp.	3 780 kr/ár
30	Prífasa aflmælir	2 372 kr/ár
31	Prífasa aflm.m/str.sp.	4 600 kr/ár

Heimtaugar

Málstærð	Stofngjald	Gjald yfirlengdar
63 A 1 fasi	30 965 kr	1 333 kr/m
63 A 3ja fasa	52 800 kr	1 628 kr/m
100 A 3ja fasa	75 900 kr	1 959 kr/m
200 A 3ja fasa	134 200 kr	2 738 kr/m
300 A 3ja fasa	220 000 kr	3 906 kr/m
350 A 3ja fasa	220 000 kr	3 906 kr/m

Spennistöðvar

Stærð spennis	Stofngjald	Stærð spennis	Stofngjald
300 kVA	255 000 kr	600 kVA	594 000 kr
500 kVA	517 000 kr	800 kVA	792 000 kr

Bráðabirgðaheimtaugar

Málstærð	Stofngjald	Málstærð	Stofngjald
35 A einfasa	8 000 kr	60 A 3 fasa	14 100 kr
35 A 3ja fasa	11 500 kr		
Tengigjald v/skammtímanotkunar		2 500 kr	
Tenging við Akraneshöfn		1 986 kr	

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1993 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 476, 9. október 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1993.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.